

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar

2019

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

*Hugleiðingar forstöðumanns í sumarlok*

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

### Fjöldi unglunga í vinnuskólanum 2019\*

Heildarfjöldi	Ísafjörður	Þingeyri	Suðureyri	Flateyri	Alls
8. bekkur	31	2	4	3	40
9. bekkur	20	1	0	1	22
10. bekkur	10	1	0	0	11
17 ára	2	0	0	0	2
18 ára		0	0	0	
Alls:	63	4	4	4	74

### Vinnutímar unglunga í vinnuskólanum 2019\*

Heildarfjöldi tíma	Ísafjörður	Þingeyri	Suðureyri	Flateyri	Alls
8. bekkur	4217	408	568	443	5636
9. bekkur	2939	180	0	71	3190
10. bekkur	1880	164	0	0	2044
17 ára	652,8	0	0	0	652,8
18 ára	0	0	0	0	0
Alls:	9688,8	752	568	514	11522,8

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## Skýrsla yfirflokkstjóra

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar er bæði vinnustaður og skóli sem skapar ungmennum félagslega öruggt, hvetjandi og proskandi atvinnuumhverfi yfir sumartímann. Markmið hans er að skapa ungmennum í Ísafjarðarbæ öruggan vettvang til vinnuuppeldis. Hlutverk hans er að undirbúa unglिंगana undir vinnu á hinum almenna vinnumarkaði. Lögð er áhersla á samskiptareglur, ástundun, vinnusemi og virðingu gagnvart vinnu, yfirmönnum og íbúum svæðisins.

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar var settur fimmtudaginn 6. júní. Alls voru 70 unglingar skráðir til vinnu í vinnuskólanum í upphafi sumars 2019 en alls bættust 4 unglingar við þegar liðið var á starfstímabilið. Unglingar vinnuskólans voru því í heildina 74 þetta sumar og eru unglिंगarnir þá 20 fleiri en þeir voru í fyrra. Unglingar í 8., 9. og 10. bekk sem störfuðu á Ísafirði voru 68 talsins. Á Þingeyri starfaði einn unglingur við sundlaugina en þrír unglingar sem eru búsettir á Þingeyri sóttu vinnu á Ísafirði, á Suðureyri störfuðu fjórir unglingar og einn á Flateyri í mánuð eða á meðan að

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

leikskólinn var opinn en þrír unglingar sem eru búsettir á Flateyri sóttu vinnu á Ísafirði.

Aðeins var starfað í almennri deild á Ísafirði en þar voru fjórir hópar sem unnu öll þau verkefni sem upp komu. En einnig voru unglingar í sérverkefnum eins og við að aðstoða á leikjanámskeiði, á leikskóla, á siglinganámskeiði og á fótboltaæfingum.

Aðalstöðvar vinnuskólans voru á Ísafirði. Skrifstofa yfirflokkstjóra var að Austurvegi 9 en aðstaða unglinga og vinnuskúr við Fjarðarstræti 16. Aðstaða yfirflokkstjóra var í rými Félagsmiðstöðvarinnar í Austurvegi 9. Heilt yfir var aðstaða vinnuskólans nokkuð góð.

Vinnuskólanum lauk svo föstudaginn 2. ágúst. Þrír flokkstjórar og einn aðstoðarflokkstjóri sáu um frágang og yfirflokkstjóri sá um að launatímum júlí og ágústmánaðar yrði skilað.

### **Yfirflokkstjóri**

Yfirflokkstjóri sér um daglegan rekstur vinnuskólans og allt utan umhald.

Hann sér um að skila vinnutímum til launadeildar, er í samskiptum við

stofnanir sem hafa unglinga vinnuskólans í vinnu og skipuleggur verkefni

flokka með flokkstjórum. Hann fylgist með því að flokkstjórar skili því starfi

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

sem ætlast er til af þeim og heldur utan um mætingu þeirra. Þá fundar hann reglulega með sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, umhverfisfulltrúa og flokkstjórum.

### Flokkstjórar

Stöður flokkstjóra voru auglýstar að vori. Í sumar störfuðu fjórir sem flokkstjórar og þrír sem aðstoðarflokkstjórar í vinnuskólanum. Það voru Friðrik Rúnar Hólm Ásgeirsson, Guðmundur Grétar Friðriksson, Hjörtur Ísak Helgason og Veturliði Snær Gylfason. Aðstoðarflokkstjórar voru Aiyah Albdaiwi, Hugi Hilmarsson og Hilmir Hilmarsson sem sáu um almenna deild á Ísafirði. Miklu munaði að hafa góða starfskrafta. Hefði ég viljað geta haft Huga og Hilmi yfir allt sumarið þar sem miklu munaði á þeim dögum þegar þeir voru til starfa. Hugi og Hilmir eru afreksíþróttamenn sem gerði það að verkum að þeir voru ekki alla daga.

Hlutverk flokkstjóra er að stjórna daglegu starfi vinnuflokka. Þeir annast verkstjórn, kennslu og vinnuuppeldi. Flokkstjórar ganga eftir því að nemendur starfi samkvæmt reglum vinnuskólans, séu klæddir við hæfi til útivinnu við mismunandi aðstæður og hafi með sér nesti. Einnig halda þeir skýrslu um mætingar og ástundun unglínganna og skrá daglega vinnutíma þeirra.

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

Aiyah, Friðrik, Grétar, Hjörtur og Veturliði mættu 5. júní til þess að sinna undirbúningi fyrir vinnuskólann, kíkt var á skúrinn og farið yfir stöðuna á honum, unglungunum skipt í hópa og praktísk atriði rædd meðal annars.

Veturliði hætti störfum 12.júlí. Aiyah, Grétar, Friðrik, Hilmir, Hugl og Hjörtu hættu störfum 2. ágúst eftir að hafa gengið frá málum sumarsins.

### **Launamál flokkstjóra**

Flokkstjórar fá greidd laun eftir settum taxta. Flestir flokkstjórar voru einnig með stúdentspróf sem veitti þeim rétt til 4% launahækkunar.

Yfirflokkstjóri fær einnig greidd laun eftir settum taxta.

### **Launamál unglunga**

Launamál unglunga eru til fyrirmyndar og hafa þeir verið með þeim hæst launuðustu vinnuskóla unglunga á landinu síðastliðin ár. Breyting var á launaútborgunum unglunga sumarið 2014. Laun voru greidd mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar, en launatímabil unglunga var 16. til 15. hvers mánaðar. Mikilvægt er að kynna þessa breytingu vel fyrir unglunga og foreldrum eða forráðamönnum í byrjun vinnusumars til þess að fyrirbyggja misskilning.



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## Útseld vinna

Vinnuskólinn hefur tekið að sér að sinna smærri garðverkum fyrir íbúa bæjarins undanfarin ár gegn vægu gjaldi. Þetta sumar var ekki tekið að garðverkum fyrir íbúa bæjarins, vegna of mikilla verkefna og kröfur á unglíngana. Í stað gátu unglíngarnir unnið meira á opnum svæðum í bænum.

## Verkefni á vegum bæjarins

Nú í sumar, sem og undanfarin ár, hefur vinnuskólinn sinnt margvíslegum verkefnum fyrir Ísafjarðarbæ. Þar má helst nefna ruslatínslu og beðahreinsanir en það hefur verið gert í samstarfi við garðyrkjustjóra Ísafjarðarbæjar. Stéttasköfun var í algjöru lágmarki í sumar í samstarfi við Umhverfissfulltrúa sem vann í því að eittra illgresi á götum bæjarins og var því aðeins stéttaskafað á þeim svæðum þar sem arfi hafði verið eittraður.

Vinnuskólinn sá um umhirðu á beðum við Safnahúsið, við Hlíf, fyrir framan og innan garðs á Sólborg og í kirkjugarðinum inn í Engidal. Einnig hreinsað beðin fyrir framan Edinborg og við Pollgötuna og á fleiri tilfallandi svæðum. Sjá mynd að neðan hvaða svæði voru tekin í Ísafjarðarbæ

Gott samstarf var milli Umhverfissfulltrúa Ísafjarðarbæjar og Vinnuskólans.

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## Opin leiksvæði

Vinnuskólinn fór í sérstaka vinnuferð til Súðarvíkur þar sem þau hjálpuðu til við að hreinsa og viðhalda Raggagarði í samstarfi við stofnanda garðsins.

## Verfæri og áhöld

Fylgst var nokkuð vel með notkun verkfæra í sumar. Flokkstjórar skrifuðu ávallt í byrjun dags hvaða verkfæri þeir tóku með sér út í verkefni dagsins og fóru svo yfir listann í lok dags. Eftir að liðið var aðeins á vinnutímabilið þá útbjuggum við skráningarblað til þess að hafa inni í skúr þar sem verkfæri voru skráð út og inn í skúrinn og gekk vel að halda utan um fjölda verkfæra með þeim hætti. Eitthvað var um að verkfæri týndust á vinnustöðum en fundust í flestum tilfellum þegar farið var á svæðið aftur að leita.

Því miður var þó um að verkfæri eyðilögðust, litlar skóflur brotnuðu og beygluðust, eitthvað af verkfærum voru líka orðin lúin og eyðilögðust.

2017	2018	2019
Stk.	Stk.	stk

Andlitshlífar plast	5	5	5
Andlitshlífar net + hjálmur og heyrnarhlífar	5	9	9
Bensín brúsar 5 ltr.	5	4	5
Bensín brúsar 10 ltr.	5	2	3
Bensín brúsar 20 ltr.	5	1	1

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

Bensín rör	10	10	9	
Bensín trektar	3	3	2	
Heyrnarhlífar	2	3	2	
Heygafflar	2	2	2	
Hnífar á orf	19	19	17	2 ónýtir
Hrífur f. gras	2	0	6	
Hrífur f. grjót	20	18	17	
Hrífur f.gras extra stórar	0	0	0	
Laufhrífa stór	6	4	4	
Slátturorf	8	2	2	
Slátturskór	23	20 pör	14 pör	
Slátturstígvél	0	0	0	
Slátturvélar	3	2	2	
Öryggisbelti fyrir orf	8	14	5	Restin ónýt (brotnar smellur og vant)
Öryggisgleraugu	4	4	4	
Verkfæratöskur	3	3	3	
Verkfæra sett lítið	0	0	0	
Loftpressa STANLEY og fylgihlutir	1	1	1	
Arfaklóra *	0	3	3	
Arfasköfur *	0	0		
Arfaklóra og skafa *	6	4	4	
Brennari fyrir illgresi	0	0	0	
Fíflajárn	0	4	1	Þrjú sem brotnuðu
Gaffall miðlungs	0	0	0	
Greinaklippur	11	10	8	
Hekk klippur	4	4	4	
Kantskeri	5	5	4	1 ónýtur
Laufhrífa lítil	0	0	0	
Malarskóflur	4	3	4	
Malarskóflur miðstærð	2	2	4	
Plöntuklóra *				
Plöntuskafa og klóra *				
Plöntuskeið breið	4	7	19	Settu allt saman plöntuklóra, plöntu plöntuskeið breið.
Plöntuskeið mjó	5	8		
Plöntuskófla litlar blár	2	2		
Ruslatínsluprik	0	0	0	
Sandskóflur	4	0	0	
Sópar fínir	0	1	1	
Sópar grófir	15	11	8	Þrjú sem brotnuðu
Stéttasköfur 3 stærðir	17	17	13	fjórar sem brotnuðu og týndust

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

Stéttasköfur langar	0	0	0
Stórar klippur	2	2	2
Stunguskófla	6	4	7
Trjáklippur	2	2	4
Vatnskanna/blóma 1,5 ltr.	1	1	1
Vatnskanna/blóma 5 ltr.	1	1	1
Vatnskanna/blóma 10 ltr.	4	4	4 Ein 8 lítra
Svartar fötur fyrir beðahreinsun	10	9	9
Aðrar fötur fyrir beðahreinsun	5	5	0 Fengum 5 frá Möttu búin að skila af

Haki	0	0	0
Hamar	8	8	7 (fannst ekki inn í skógi)
Hjólborur	4	4	4
Hjólsög	0	0	0
Járnkarl	0	0	0
Kúbein	2	2	2
Málningar ausur	?	0	0
Málningar bakkar	?	1	1
Málningar skröpur og spaðar	Hent	0	6 (fundum)
Málningar stigi	Hent	0	1
Málningar trappa	Hent	0	1
Málningardósir litlar **	Hent	0	0
Málningardósir miðstærð **	Hent	0	0
Málningardósir stórar **	Hent	0	0
Pensla - rúllur	Hent	0	2
Penslar f. viðarvörn	Hent	0	0
Penslar f. málningu	Hent	0	5
Snjóskóflur	1	2	0 (ekkert séð)
Stingsög	1	1	1
Uppvottabursti	1	1	1
Vaðstígvél pör	5	5	5
Verkfærakassi á hjólum	1	1	1
Verkfærakista svört	1	1	1
Vinnuborð	1	1	1
Vinnugallar	0	0	1
Vírburstaappír	0	0	0
Vírburstar	7	10	11
Öryggisvesti appelsínugul	8	8	9
Öryggisvesti gul	51	49	42 12 ónýt

Sögx7

- Keypt voru fjórar skóflur, sex plasthrífur, fjóra sóphausa, eitt fíflajárn og fjóra arfklóra fyrir það sem brotnaði. Er það ekki með inná þessum tölum.

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## Öryggi

Unglingar vinnuskólans klæðast gulum öryggisvestum við vinnu sína en flokkstjórar klæddust appelsínugulum vestum. Þetta er mjög góð regla sem hefur orðið að góðum vana.

Gulu vestin eru þó kominn á sinn aldur og þarf að fara að endurnýja flest af þeim. Einnig voru appelsínugulu vestin of lítil á flokkstjóra svo farið var og keypt nýtt vesti fyrir hann.

Einnig er yfirflokkstjórinn kominn í gulan jakka sem verður merktur að næsta ári. Þar sem jakkinn kom seint.

Einnig var rætt um á fundi með unglungum að vantaði heilgalla fyrir bæði unglunga og flokkstjóra ef vinna skal með orfið. Þó flestir unglungar væru í réttum klæðnað þá er samt uppá öryggi að þeir sem vinna á orfinu verða í vinnugalla. Að tilraunastarfsemi var keyptur einn galli í lok júlí.

Vinnuskólinn hefur komið sér upp vinnureglum um slátt og málningarvinnu til að tryggja vinnuöryggi. Unglúngum voru kynntar þær reglur og unnið var eftir þeim.

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

### Bílar

Vinnuskólinn hafði aðgengi að einni bifreið í sumar. Eitthvað var um verkefni bæði í Holtahverfi, í Engidal í kirkjugarðinum, Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri og oft þurfti því að fara tvær ferðir á vinnubifreiðinni eða einkabíl yfirflokkstjóra, einnig notaði yfirflokkstjóri einkabíl sinn til þess að skutlast með verkfæri ef vöntun var á eða til að kíkja á hópinn sem var við vinnu í meira en göngufjarlægð við starfsstöð hans. Allt gekk þó vel og gátum við sinnt þeim verkefnum sem okkur bárust.

Hringt var í Sófus og farið með krakkana í vinnuferð á Flateyri í þrjá daga. Á þriðja deginum var einnig farið með hóp til Suðureyrar. Þar sem margir unglingar hefðu viljað fara með og ekki voru nægilega mörg sæti í bílnum.

Ljóst er að ekki henta hvaða bílar sem er til nota í vinnuskólanum. Þörf er að vinnuskólinn hafi góðan bíl til taks fyrir almenna deild til að sinna verkefnum sem bíða lengra frá. Skiptir það einnig máli vegna öryggis ef aðeins einn bíll er notaður til að ferja unglinga og verkfæri lengra frá, þá verður samt yfirflokkstjóri einhvern vegin að geta komið sér til hópsins ef eitthvað skildi gerast.

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## **Suðureyri**

Fjórir unglingar skiluðu inni umsókn um vinnu hjá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar og vildu þau öll vinna á Suðureyri. Öll vildu þau helst vera á leikskólanum Tjarnabæ, hópurinn reyndist heldur fjölmennur til að vera allur inni á leikskólanum í einu. Haft var samband við yfirmann íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og fengum við leyfi til þess að einn unglingur aðstoðaði í Sundlauginni á Suðureyri með samþykki þeirra sem þar vinna. Samstarf við bæði leikskólastjóra Tjarnabæjar og starfsmenn Sundlaugarinnar á Suðureyri var til fyrirmyndar og gekk allt vel.

## **Þingeyri**

Einn unglingur starfaði á Þingeyri í sundlauginni, en þrír unglingar sótti vinnu í almenna deild á Ísafirði frá Þingeyri.

## **Flateyri**

Einn unglingur vann á Flateyri á vegum Vinnuskólans í sumar og vann hún í leikskólanum Grænagarði. En tveir unglingar búsettur á Flateyri sótti vinnu á Ísafjörð í almenna deild.

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## **Aðbúnaður unglunga**

Í sumar hefur aðbúnaður unglunganna verið góður. Lítið bar á því að unglingar kæmu illa búnir til vinnu. Kom þá uppá að einhverjir unglingar voru ekki með nesti og vildu fá að fara að kaupa sér. Fór yfirflokkstjóri í samkaup og keypti inn skyr svo unglingar myndu ekki fara að kaupa sér.

## **Vinnutími unglunga**

Vinnutími unglunganna hefur haldist óbreyttur og er frá klukkan 8 á morgnanna til klukkan 14 á daginn, með kaffitíma á milli 10:30-11:00.

## **Vinnutími flokkstjóra**

Flokkstjórar eiga að vera mættir til vinnu 15 mínútum fyrir klukkan 8 á morgnanna, svo þeir séu komnir á undan unglungunum og klárir með verkfæri og verkefni dagsins þegar unglingarnir mæta. Flokkstjórar þurfa að hafa auga með hóp sínum í matartíma.

Flokkstjórar hafa átt að fá matarhlé frá klukkan 14-14:30, en þegar mikið er að gera í vinnuskólanum fyrstu vikunnar getur hann dottið upp fyrir. Það er því mikilvægt að fylgjast með því að frí sé tekið á móti þessari vinnu, þar sem ekki er greidd yfirvinna. Með þessu fylgdumst við vel í sumar og var tekið frí upp á móti unnum tímum.



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## **Skipting í tímabil**

Í staðinn fyrir að hafa 2 tímabil var vinnuskólinn stytur frá því að vera frá byrjun júní til miðjan ágúst í það að vera í 8 vikur. Nú er tímabilið frá byrjun júní til enda júlí. 8. bekkur vann í 6 vikur, 9. bekkur vann í 7 vikur og 10. bekkur vann í 8 vikur. Þetta gekk mjög vel og munum við halda þessum breytingum áfram.

## **Veikindi, frí og segja upp starfi**

Tillaga um að setja upp rafrænt skjal þar sem unglingar og forráðamenn geti óskað um frí eða sagt upp störfum fyrir ákveðin tíma. Með þessu er hægt að fyrirbyggja misskilningi milli unglinga, forráðamanna, flokkstjóra og yfirflokktjóra.

## **Fjöldatakmarkanir í hópa**

Vinnuhópur í vinnuskólanum ætti að vera í mesta lagi 10 unglinga á hvern flokkstjóra. Með því er hægt að hafa betri umsjón með krökkunum og fullnægjandi eftirfylgni með verkefnum. Þetta tókst mjög vel í sumar þar sem vel hafði verið hugað að starfsmannamálum fyrir sumarið.

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## Sérverkefni

Vinnuskólinn hefur verið í miklu samstarfi við ýmsar stofnanir og félög um vinnuuppeldi unglunga og hafa krakkarnir getað sóst eftir að fá að sinna sérverkefnum. Sérverkefni hafa orðið stór hluti af starfinu, vinnuskólinn var í samstarfi við 9 stofnanir og félög í sumari. Mikil vinna fylgir því að halda utan um skipulag og vinnutíma í þessum verkefnum.

Unglingar vinnuskólans unnu á leikskólum Ísafjarðarbæjar; Sólborg, Eyrarskjóli og Tjarnarbæ. Íþróttamannvirki voru einnig með starfskrafta vinnuskólans í Sundlauginni á Suðureyri og Þingeyri. Eins og síðustu ár unnu unglingar á Golfvellinum í Tungudal yfir allt sumarið. Einnig voru vinnuskólakrakkar að aðstoða Sæfara á siglingarnámskeiðum hjá þeim. Unnið var á ýmsum leikjanámskeiðum í sumari, það var námskeið HSV.

Samstarf við forráðamenn sérverkefnanna var almennt mjög gott, það auðveldaði ut anumhald mikið.

Heyrt var í öllum verkstjórum sérverkefna hvað betur mætti fara með vinnuskólann. Töluðu allir vel um vinnuskólann en helsta ábendingin væri meiri stöðuleiki um hverjir væru að koma á hvaða stað og helst viljað hafa unglunga, tvær vikur í röð. Eyrarskjól og Sæfari töluðu bæði um að fá sex unglunga næsta sumari og HSV og Sólborg báðu um fjóra

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## **Sjávarútvegsskóli**

Enginn sjávarútvegsskóli var haldinn sumarið 2018 né 2019. Þykir okkur það leitt og vonandi verður hann sumarið 2020.

## **Agamál**

Lítið var um agamál í vinnuskólanum en til eru skýrar reglur til að framfylgja í þess háttar málum. Unglingunum voru kynntar reglurnar í byrjun sumars og var því vel unnið að málum þegar þau komu upp. Ekki kom til brottreksturs unglunga úr vinnuskólanum. Eitthvað var þó um skróp og að unglingar hættu störfum án þess að láta yfirmenn vita. Einn unglingur tók það á sig að fara heim þegar vinnudeginum var ekki lokið. Yfirflokkstjóri náði tali á hann og leystist málið. Aldrei kom það upp að unglingar voru reknir heim það sem eftir lifði dags.

## **Liðveisla**

Síðustu ár hafa nokkrir unglingar vinnuskólans þurft á liðveislu að halda en í sumar var þó breyting á því og enginn unglingar var með liðveislu. Hefði verið gott að fá liðveislu þetta sumar, þar sem að minnsta kosti þrír unglingar þurftu mikinn stuðning í sumar.

# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

## Fræðsla

Margir krakkar eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar. Hann er bæði vinnustaður og skóli sem skapar ungmennum öruggan vettvang til vinnuuppeldis. Hlutverk Vinnuskólans er að undirbúa unglíngana undir vinnu á hinum almenna vinnumarkaði. Ásamt því að kenna grundvallaratriði í vinnubrögðum og notkun verkfæra er lögð áherslu á að veita fræðslu sem nýtist til frambúðar.

Bergvin Eypórsson kom frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og hélt stutta kynningu fyrir unglíngana um réttindi og skyldur þeirra á vinnumarkaði. Verkalýðsfélag Vestfirðinga hefur undanfarin ár verið með kynningu fyrir unglíngana og hefur það verið jákvæð og gagnleg fræðsla.

Lok júní og út júlí var haldin fræðsla á miðvikudögum kl 13:00. Þar gátu unglíngar komið upp spurningum til yfirmanns varðandi vinnuna og lífið í kringum vinnuna. Sú fræðsla heppnaðist vel og spurðu unglíngarnir oft til um hvenær næsta fræðsla væri. Viljum sjá þessa fræðslu áfram að næsta sumri en kalla það starfsmannafundi þar sem hægt væri einnig að fara yfir næstu viku með unglíngunum og þau spurt spurningar ef einhverjar vakna.

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

### Uppskeruhátíðir

Vinnuskólinn var duglegur í að halda uppi góðu félagslífi. Ásamt ýmsum uppákomum yfir sumarið gafst oft tilefni til, þegar að verkefni gengu vel, að fara í leiki og hafa gaman að. Flokkstjórar voru duglegir í að virkja unglinga til samvinnu og huguðu að hópefli.

Í lok júní fór vinnuskólinn í Raggagarð í Súðavík og vann þar fram að hádegi. Að vinnu lokinni fengu krakkarnir grillaðar pylsur, gos og prins póló í eftirrétt. Eftir matinn fengu þau fræðslu um garðinn og gróðursettu þau í sameiningu tré sem merkt er Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar 2019 sem þau geta svo fylgst með stækka í framtíðinni þegar þau heimsækja garðinn. Krakkarnir fengu þá að leika sér í garðinum þangað til að rútan kom og sótti hópin, dagurinn heppnaðist vel.

Þegar sjötta vikan af vinnuskólanum gekk í garð var farið saman inn í skóg og tekið þar leikjadag. Þar fóru allir í blindandi fótbolta þar sem sex menn voru í hvoru liðinu. Fjórir leikmenn voru með klút fyrir augað og restin átti að vísa hinum leikmönnum í átt að markinu. Leikmenn þurftu að sýna traust og samvinnu til að ná sameiginlegu markmiði sem var að vinna. Boðhlaup, blak, amerískur fótbolli og fleira sem var gert á þeim degi.

## Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

Í sömu viku var sumarhátíðin. Þar voru unglingarnir búnir að koma sér saman í lið og var spilaður ratleikur um Ísafjörð. Unglingarnir áttu að safna eins mörgum stigum og þau gátu á þremur klukkutímum. Eftir það var síðan boðið uppá hamborgara. Ratleikurinn gekk vel en misstu sumir áhugan fljótari en aðrir.

Allir unglínar vinnuskólans skilja sáttir við vinnu sína í sumar, enda er starfið ánægjulegt, gefandi og þroskandi.

### **Umsagnir og könnun**

Sent var út póstur til foreldra og forráðamanna með umsögn unglínga.

Vantaði þó að hafa tölvupóstfang forráðamanna í umsókn unglínganna í byrjun sumar þar sem vantaði tölvupóstfangið hjá nokkrum

forráðamönnum. Í sama pósti var send út könnun og beðið forráðamenn og unglíngar að svara. Könnunin fjallar um vinnuskólann og hvernig hægt sé að bæta hann. Einungis svöruðu 21 einstaklingar og var helsta einkunn vinnuskólans milli sjö og átta.

## Myndir frá sumarstarfinu

### Raggagarður





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---



Rattleikur:



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

Verkefni og annað:



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---



# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---





# Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2019

---

